



HRUNAMANNAHREPPUR

75. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILID 2022 – 2026

16. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 8. október kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar lagði oddviti fram eftirfarandi bókun:

Fyrir liggur áskorun til innviðaráðherra og stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá sveitarfélögum með íbúa færri en 1.000 íbúa. Þar er skorað á stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga að hafna tillögum innviðaráðuneytisins um afnám íbúalýðræðis sem felast í drögum að nýjum sveitarstjórnarlögum sem nú liggja fyrir í samráðsgátt stjórnvalda. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps tekur undir áskorunina og samþykkir að Jón Bjarnason, oddviti, skrifi undir hana fyrir hönd sveitarfélagsins.

Bókunin samþykkt samhljóða.

Einnig lagði oddviti fram dagskrárbreytingatillögu um að við bætist liður 3, fundargerð Skipulagsnefndar frá 8. október. Tölusetning annarra dagskrárliða breytist til samræmis.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. **Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 20. fundar frá 29. september 2025.**
Lögð fram fundargerð 20. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Daði Geir vék af fundi undir lið 4. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

2. **Fundargerð 310. fundar skipulagsnefndar frá 24. september 2025.**
Lögð fram fundargerð 310. fundar skipulagsnefndar frá 24. september 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. september sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 20. Jaðar 1: Landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Svæðið sem breytingin nær til er austan við Gullfoss í landi Jaðars 1 L166785. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði en í breytingunni felst að það verði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði. Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnið deiliskipulag fyrir svæðið.

Handwritten signatures and initials: DGS, ARJ, and others.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 21. Birkibýggð: Úr frístundabýggð í íbúðabýggð; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar, eftir kynningu, sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Svæðið sem breytingin nær til er Birkibýggð sem er hluti af frístundabýggðinni F9 Kjóabýggð/Álftabýggð. Í breytingunni felst að Birkibýggð verður breytt úr frístundabýggð í íbúðabýggð. Einnig eru settir fram almennir skilmálar og heimildir fyrir íbúðabýggð í dreifbýli.

Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Birkibýggðar sem er hluti af frístundabýggðinni F9 Kjóabýggð/Álftabýggð verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Birkibýggðar sem er hluti af frístundabýggðinni F9 Kjóabýggð/Álftabýggð í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 25. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. september sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. september sl.

3. Fundargerð 311. fundar skipulagsnefndar frá 8. október 2025.

Lögð fram fundargerð 311. fundar skipulagsnefndar frá 8. október 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. október sl.

Eftirfarandi mál afgreitt sérstaklega:

Mál nr. 15. Grafarbakki 1, L166752; Grafarbakki 1A, 1B, 1C; Stofnun lóða #2509081

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 27.09.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun þriggja lóða. Óskað er eftir að stofna tvær lóðir undir þegar býggð íbúðarhús, Grafarbakki 1A og 1B, og eina óbyggða lóð, Grafarbakki 1C, úr jörðinni Grafarbakki 1 L166752, skv. meðfylgjandi merkjalýsingu.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps geri ekki athugasemd við erindið. Skipulagsnefnd UTU bendir á að framkvæmdir innan lóðar eru háðar byggingarleyfi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og gerir ekki athugasemd við erindið og stofnun lóðanna en bendir jafnframt á að framkvæmdir innan lóðar eru háðar byggingarleyfi.

Mál nr. 17. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. október sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. október sl.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

4. Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 214. fundar stjórnar frá 23. september 2025.

Lögð fram fundargerð 214. fundar Tónlistarskóla Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. Listasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnar frá 29. september 2025.

Lögð fram fundargerð stjórnarfundar Listasafns Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 19. fundar stjórnar frá 29. september 2025.

Lögð fram fundargerð 19. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 247. fundar frá 22. september 2025.

Lögð fram fundargerð 247. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 248. fundar frá 1. október 2025.

Lögð fram fundargerð 248. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerðir nr. 335. frá 9. september og nr. 336 frá 26. september 2025.

Lagðar fram fundargerðir stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 335. og 336.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

10. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 26. september 2025.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um borgarstefnu fyrir árin 2025-2040, 85. mál.

Lagt fram til kynningar.

11. Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 30. september 2025.

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu vegna alþjóðlegs minningardags Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðaslysa. Dagurinn er haldinn þriðja sunnudag í nóvember ár hvert og er nú haldinn þann 16. nóvember. Dagurinn er fyrst og fremst tileinkaður minningu þeirra sem látist hafa í umferðinni. Að þessu sinni verður kastljósi beint að mikilvægi öryggisbeltanotkunar en samkvæmt nýlegum könnunum á vegum Samgöngustofu hefur bakslag orðið í notkun öryggisbelta, sérstaklega hjá ungum karlmönnum.

Lagt fram til kynningar.

HA DGW
ARJ BV

12. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 1. október 2025.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna forvarnardagsins 2025 sem haldinn verður þann 1. október n.k. Forvarnardagurinn er haldinn á hverju hausti og er dagskrá hans beint sérstaklega að nemendum í 9. bekk grunnskóla og á fyrsta ári í framhaldsskóla. Öll sem koma að málefnum barna og ungmenna á einn eða annan hátt eru hvött til að halda gildum forvarnardagsins á lofti.

Lagt fram til kynningar um leið og erindið verður sent skólastjóra Flúðaskóla.

13. Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands frá 22. september 2025.

Lagt fram bréf frá Skógræktarfélagi Íslands vegna ályktunar sem samþykkt var á aðalfundi félagsins.

Lagt fram til kynningar.

14. Bréf frá Kvenréttindafélagi Íslands frá 6. október 2025.

Lagt fram bréf frá Kvenréttindafélagi Íslands vegna 50 ára afmælis kvennafrídagsins.

Lagt fram til kynningar.

15. Bréf frá Rannsóknasetri í byggða- og sveitarstjórnarmálum frá 12. september 2025.

Lagt fram bréf frá Rannsóknasetri í byggða- og sveitarstjórnarmálum vegna rannsóknarinnar Orlofshús í þéttbýli.

Lagt fram til kynningar.

16. Bréf frá Kerlingarfjöllum ehf. frá 26. september 2025.

Lagt fram bréf frá Kerlingarfjöllum ehf. þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið skoði að gerð verði breyting á aðalskipulagi fyrir lóðina L237208 Grákollur en lóðinni hefur þegar verið úthlutað til félagsins að undangenginni auglýsingu.

Sveitarstjórn setur sig ekki á móti því að skálasvæðið verði fært í samræmi við framkomnar óskri og þá gönguleið sem nú þegar er til staðar og felur sveitarstjóra og oddvita að vinna málið áfram í samvinnu við Forsætisráðuneytið, Kerlingarfjöll ehf og skipulagsfulltrúa.

17. Samningur við Karlakór Hreppamanna.

Lögð fram drög að samningi við Karlakór Hreppamanna.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og óskar kórfélögum velfarnaðar í störfum sínum.

18. Jafnlaunakerfi – Niðurstaða viðhaldsúttektar þann 23. september 2025.

Lögð fram niðurstaða viðhaldsúttektar um jafnlaunakerfi sem fram fór þann 23. september 2025. Engin frábrigði komu í ljós en úttektaraðili benti á eitt tækifæri sem skoðað verður í framhaldinu. Niðurstaða viðhaldsúttektar er sú að kynbundinn launamunur er 2,1% konum í vil og fylgnistuðull R2 er 98%. Hvorutveggja er í góðu samræmi við þau markmið sem sveitarfélagið hefur sett sér í jafnlaunastefnunni.

Sveitarstjórn fagnar niðurstöðunni sem sýnir enn og aftur að Hrunamannahreppur greiðir laun í samræmi við kjarasamninga og starfsmat og að óútskýrður kynbundinn launamunur er ekki til staðar í sveitarfélaginu.

Handwritten signatures and initials in purple ink:
 - A large signature on the left.
 - "DGS" in the center.
 - "ART" below "DGS".
 - A signature on the right.
 - "BV" below the signature on the right.

19. Úthlutun lóða.

Fyrir fundinum liggja umsóknir um lóðirnar Röðulstanga 5-11 og Röðulstanga 13-19.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta Límtré Vírnet ehf lóðinni Röðulstanga 5-11 á Flúðum enda uppfylli umsækjandi skilyrði sveitarfélagsins um lóðarúthlutun.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta Mihai Lucian Rochian lóðinni Röðulstanga 13-19 enda uppfylli umsækjandi skilyrði sveitarfélagsins um lóðarúthlutun.

20. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn miðvikudaginn 22. október kl. 14:00. Breytingin er vegna SASS fundar sem haldinn verður dagana 23. og 24. október á Kirkjubæjarklaustri.

Fiárhagsleg málefni:

21. Minnisblað varðandi trúnaðarlæknisþjónustu, frá 6. október 2025.

Lagt fram minnisblað varðandi trúnaðarlæknisþjónustu en tilboða var leitað hjá fjórum fyrirtækjum en svör bárust frá tveimur.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka tilboði lægstbjóðanda, Vinnuverndar ehf.

22. Minnisblað varðandi kaup á 5 íbúðum á Hrunamannavegi 3, frá 6. október 2025.

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra varðandi kaup á 5 íbúðum að Hrunamannavegi 3. Um er að ræða fjórar tveggja herbergja 62,7m² íbúðir og eina fjögurra herbergja 107,2m² íbúð á efri hæð í húsinu sem er miðsvæðis á Flúðum. Fengist hefur stofnframlag frá HMS vegna íbúðakaupanna enda yrði hér um félagslegt leiguhúsnæði að ræða.

Sveitarstjórn telur að umræddar íbúðir muni þjóna þörfum sveitarfélagsins með góðum hætti og að möguleg kaup á þeim yrði til einföldunar á eignasafni sveitarfélagsins. Ljóst er að þörf fyrir félagslegt leiguhúsnæði er að aukast og því myndu umrædd kaup, ef af yrði, leysa þau mál að sinni. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra og oddvita að vinna málið áfram.

Mál til kynningar:

23. Boð á aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

Lagt fram til kynningar.

24. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 985. fundar stjórnar frá 26.9.2025.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:21

*Bjarni Vignisdóttir
Dafi Guðr. Samúelsson
Alexandra Rós Jóhannesdóttir
Sigríður Hauksdóttir*